

**Kópavogabær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur**

RÁÐNINGARBRÉF

1. INNGANGUR

- 1.1. Við höfum verið kjörin til að endurskoða ársreikning Kópavogsbæ fyrir rekstrarárin 2024-2027. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum. Ársreikningurinn er saminn í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3 frá 2006 og settar reikningsskilareglur fyrir sveitarfélög.
- 1.2. Tilgangur þessa bréfs er að staðfesta viðtöku verksins og greina frá skilningi okkar á eðli þess.

2. MARKMIÐ OG UMFANG ENDURSKOÐUNAR

- 2.1. Markmið með endurskoðun á ársreikningi Kópavogsbæjar er að gera okkur kleift að láta í ljós álit á ársreikningi félagsins.
- 2.2. Við munum framkvæma endurskoðunina í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA). Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtakskönnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á reikningsskilaaðferðum og mikilvægum matsaðferðum stjórnenda sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu í heild.
- 2.3. Endurskoðun felur í sér að öðlast nægjanlegan skilning á innri eftirlitskerfum í þeim tilgangi að geta skipulagt, metið eðli, tímasetningu og umfang endurskoðunaraðgerða sem framkvæmdar verða. Endurskoðun er ekki ætlað að veita tryggingu fyrir gæðum innra eftirlits eða uppgötva verulega annmarka. Við erum hins vegar ábyrg fyrir því að stjórnendur félagsins eða aðrir, sem hafa sambærileg völd eða ábyrgð, fái vitneskju um verulega annmarka, sem við verðum áskynja við vinnu okkar.



- 2.4. Markmið okkar er að ljúka endurskoðuninni innan þeirra tímamarka sem ákveðin verða en við lok hennar, að teknu tilliti til niðurstaðna vinnu okkar, látum við í ljós álit á ársreikningnum. Jafnframt áformum við að leggja fram þrjár skýrslur. Þ.e. opinber endurskoðunarskýrsla þar sem greint verður frá helstu niðurstöðu endurskoðunarinnar. Skýrsla með ábendingum er varðar innra eftirlit sveitarfélagsins sem verður ópinber. Og að lokum skýrsla varðandi skoðun okkar á upplýsingatækni sveitarfélagsins, en hún er einnig óopinber.
- 2.5. Ákveðnar ófyrirséðar aðstæður geta skapast þar sem við getum ekki látið í ljós álit á ársreikninginn. Jafnframt getum við samkvæmt faglegu mati sagt okkur frá verkinu við ákveðnar aðstæður.

3. SKIPTING ÁBYRGÐAR

- 3.1. Ábyrgð okkar vegna endurskoðunarinnar felst í því áliti sem við gefum á ársreikninginn.
- 3.2. Endurskoðunin byggist á úrtakskönnunum og öðrum aðferðum sem eru í eðli sínu takmarkaðar en krefjast þess samt sem áður að endurskoðandi afli sér skynsamlega, en ekki ótakmarkaða, tryggingu á að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem skekkjur eða svik valda þeim. Endurskoðun er því hvorki sérstök rannsókn sem miðar að því að upplýsa falsanir eða svik, né trygging fyrir nákvæmni ársreikningsins en vegna eðlislægrar áhættu geta villur, óreiða, eða ólöglegar athafnir, verið fyrir hendi og ekki uppgötvast við endurskoðun. Ef þið óskið eftir sértækum endurskoðunaraðgerðum vegna slíkra atriða erum við að sjálfsögðu reiðubúin til að gera sérstakan samning um þau atriði.
- 3.3. Það er sameiginlegur skilningur að ábyrgð okkar á þjónustunni nái aðeins yfir sama tímabil og endurskoðunin nær til.
- 3.4. Eins og ykkur er kunnugt er ársreikningurinn lagður fram af stjórnendum og á ábyrgð þeirra að gerð og framsetning hans sé í samræmi við lög og reglur. Jafnframt bera stjórnendur ábyrgð á að félagið hafi á að skipa hæfum og ráðvöndum starfsmönnum, sem tryggja að félagið starfi í samræmi við lög og reglur, viðhaldi virku innra eftirliti við birtingu fjárhagsupplýsinga og að nægjanlegt eftirlit sé með eignum félagsins.
- 3.5. Val á reikningsskilaaferð og reikningshaldslegt mat er á ábyrgð stjórnenda.
- 3.6. Það er einnig á ábyrgð stjórnenda að veita okkur óheftan aðgang að öllum bókhaldsgögnum, skjölum, fundargerðum og tengdum upplýsingum sem óskað verður eftir í tengslum við endurskoðunina. Eins munum við þurfa óheftan aðgang að tilteknum starfsmönnum fyrirtækisins til að afla endurskoðunargagna.
- 3.7. Stjórnendur verða beðnir um að staðfesta með skriflegum hætti þær fullyrðingar og upplýsingar sem okkur verður veitt í tengslum við endurskoðunina.



- 3.8. Það er okkar skilningur að starfsmenn ykkar muni útbúa afstemmingar á efnahagsliðum og láta okkur í té. Ef stjórnendur veita okkur ekki aðgang að gögnum eða starfsmönnum getur það leitt til þess að við getum ekki látið í té álit okkar á tilskildum tíma, þurfum að breyta endurskoðunarframkvæmd, eða jafnvel að segja okkur frá endurskoðuninni.

4. ÚTGEFNIR REIKNINGAR FYRIR ÞJÓNUSTU OKKAR

- 4.1. Reikningar okkar fyrir þá þjónustu sem rætt er um í þessum bréfi, verða í samræmi við kjör okkar í útboði kópavogsbæjar sem fram fór í ágúst 2024 um endurskoðun ársreiknings félagsins fyrir árin 2024-2027

5. ENDURSKOÐUNARTEYMIÐ

- 5.1. Endurskoðunarteymið samanstendur af þremur endurskoðendum ásamt tveimur aðstoðarmönnum. Sif Jónsdóttir, löggiltur endurskoðandi, mun vera ábyrgðaaðili Grant Thornton endurskoðunar ehf. gagnvart Kópavogsbæ.

6. SKILMÁLAR OG TAKMÖRKUN ÁBYRGÐAR

- 6.1. Ef við kjósum að segja okkur frá endurskoðuninni áður en henni og skýrslu endurskoðenda hefur verið lokið í samræmi við ákvæði töluliðar 2.4 í kafla 2, skal það gert skriflega. Ykkur er kunnugt um það að greiðsla fyrir þá vinnu sem þá þegar hefur verið innt af hendi skal greiðast af ykkur ásamt þeim útlagða kostnaði sem fellur til vegna þessa.
- 6.2. Ef við verðum skuldbundin til að greiða sekt vegna sátta, dóms, ákæru eða rannsóknar sem rakin verður til að við höfum ekki fengið nákvæm og fullunnin gögn frá ykkur ásamt því að hafa fengið frá ykkur upplýsingar sem eru vísitandi rangar þá muni þið bæta okkur þann kostnað.
- 6.3. Við getum ekki borið ábyrgð á að tölvupóstur og það efni sem er sent á milli á þann máta sé lesið af röngum aðilum eða að það sé sent óviljandi til aðila sem ekki átti að fá slíkan tölvupóst.
- 6.4. Okkur er skylt að eiga vinnugögn í 7 ár og það munum við gera, hins vegar að þeim tíma liðnum munum við eyða þeim gögnum sem við höfum aflað í tengslum við þessa endurskoðun.
- 6.5. Viðbótarskilmálar eru í viðauka II sem er meðfylgjandi þessu bréfi en þeir gilda með ráðningarbréfi þessu.
- 6.6. Innifalin í þessum ráðningarsamningi ásamt viðauka er aðeins sú þjónusta sem sérstaklega er lýst í þessu bréfi. Kostnaður og tími sem fer í aðra þjónustu, lagaleg atriði eða athæfi sem rís vegna ráðningar okkar, eins og dómsfyrirtekt, vitnisburður,



ráðgjöf vegna lögsóknar, gerðardóms eða opinbera rannsóknar, að ykkar beiðni eða samkvæmt úrskurði, verður innheimtur sérstaklega.

6.7. Ef endurskoðunin leiðir ekkert í ljós annað en að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri, efnahag, sjóðstreymi og skýringum félagsins, þá munum við staðfesta álit okkar á ársreikningi félagsins með fyrirvaralausri áritun. Viðauki I þessa ráðningarbréfs sýnir drög að fyrirvaralausri áritun.

6.8. Vegna þjónustu okkar gætum við þurft að safna persónuupplýsingum um viðskiptavinum þínum, starfsmenn eða aðra tengdri starfsemi þinni. Dæmi um slíkar upplýsingar eru kennitölur, heimilisföng, launatengdar upplýsingar eða fjárhagsupplýsingar. Við höfum hlutverk vinnsluðila við söfnun slíkra upplýsinga. Á heimasíðu okkar er að finna persónuverndarstefnu Grant Thornton endurskoðunar ehf. þar sem finna má upplýsingar um hvernig við kunnum að nota, vinna og geyma persónugreinanlegar upplýsingar.

7. SAMÞYKKI Á SKILMÁLUM

7.1. Við undirritun ráðningarbréfs ásamt viðauka samþykkja báðir aðilar umfang endurskoðunarinnar ásamt öllum öðrum atriðum sem fjallað er um í þessu ráðningarbréfi og viðauka. Öll önnur samskipti hvort sem um er að ræða bréfleiðis munnleiðis eða í öðru formi varðandi ráðningu okkar sem endurskoðendur Kópavogsbæjar gilda ekki við undirritun þessa ráðningarbréfs ásamt viðauka.

7.2. Vinsamlegast undirritið og endursendið okkur meðfylgjandi samrit þessa bréfs til staðfestingar á að efni þess samræmist skilningi ykkar á endurskoðun ársreiknings fyrir rekstrarárin 2024-2027.

Reykjavík, 6. janúar 2025

F.h. Kópavogsbæjar

Ásdís Kristjánsdóttir

Bæjarstjóri

F.h. Grant Thornton endurskoðun ehf.

F.h. Grant Thornton endurskoðun ehf.

Sif Jónsdóttir,
löggiltur endurskoðandi

Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Viðauki I – Drög að fyrirvaralausri áritun endurskoðanda

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

Til bæjarstjórnar Kópavogsbæjar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kópavogsbæjar fyrir árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2024, efnahag þess 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð sveitarfélaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar falega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins 2024. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Aðrar upplýsingar

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem sveitarfélagið birtir, jafnt með ársreikningi sem og öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem sveitarfélagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar teljast til að mynda skýrsla bæjarstjórnar og bæjarstjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan), yfirlýsing um stjórnarhætti og aðrar upplýsingar sem fylgja ársreikningi í viðauka, og lágu fyrir við áritun okkar. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu bæjarstjórnar og bæjarstjóra sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð bæjarstjórnar og bæjarstjóra á ársreikningnum

Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru bæjarstjórn og bæjarstjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningnum með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi atriði eru einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.

Okkur ber skylda til að upplýsa bæjarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum afhent bæjarstjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt sveitarfélaginu neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent bæjarstjóra yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.



Af þeim atriðum sem við upplýstum bæjarstjórn um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum skipaðir endurskoðendur af bæjarstjórn í kjölfar útboðs á endurskoðunarþjónustu í ágúst 2024. Þetta er því fyrsta reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur bæjarins.

Fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Kópavogsbær, xx.xx.2025

Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Davíð A. Einarsson
löggiltur endurskoðandi

Viðauki II

These additional terms and conditions of engagement should be read together with the accompanying letter from Grant Thornton endurskoðun ehf., here after named Grant Thornton which identifies the engagement to which they relate (the engagement letter)

Limited Liability Partnership

Grant Thornton is a limited liability company in accordance with Icelandic act no. 138/1994. Where reference is made in these Terms of Business, any correspondence or in the context of providing services, to a "partner" of Grant Thornton, the term "partner" indicates a member of Grant Thornton or a senior employee of Grant Thornton. It shall not be construed as indicating that the members of Grant Thornton are carrying on business in partnership, as defined under Icelandic law, first and foremost in Icelandic act no. 50/2007. A list of the members of Grant Thornton is available from our registered office. Our partners and employees do not owe a personal duty of care nor assume any personal responsibility.

International Status

For the avoidance of doubt, please be aware that Grant Thornton International is not an international/ global/ worldwide partnership or limited liability partnership either in relation to all of the members collectively or any two or more members together. In particular, Grant Thornton does not carry on business in the United States of America or Canada and is a separately owned and managed business from entities known as Grant Thornton endurskoðun ehf. carrying on business in those territories.

Limitation of liability

The relevant aggregate liability of this firm, its partners, agents and employees for any damage incurred relating to engagement under the referred engagement letter or any other engagement letter, for the benefit of the client or Addressee/Addressees, shall be limited as set out in our engagement letter.

Where there is more than one Addressee the relevant limit of liability specified in our engagement letter will have to be allocated between Addressees. It is agreed that such allocation will be entirely a matter for the Addressees, who shall be under no obligation to inform the Firm of it, provided always that if (for whatever reason) no such allocation is agreed, no Addressee shall dispute the validity, enforceability or operation of the limit of liability on the ground that no such allocation was agreed.

Proportionality

In respect of all services, the Total Damage suffered or incurred by the addressee(s) of this letter shall be limited to the proportion of the damage which may be justly and equitably attributed to Grant Thornton after taking into account the contributory negligence (if any) of the addressee(s) and any other third party found to be liable to contribute to the damage.

Ownership of books and records

All documents such as (for example, but without being an exhaustive list) working papers, letters, memoranda, file notes of meetings and telephone calls, draft computations and returns etc and copies of other original documents which we create or which we receive either as principal in our own right or as agent for the company belong to Grant Thornton.

Governing law

This engagement shall be governed by and construed in accordance with Icelandic Law and you hereby agree with us to submit for all purposes in connection with this engagement to the exclusive jurisdiction of the Icelandic Courts.

Force majeure

No party to this agreement shall be held in any way responsible for any failure to fulfil its obligations under this Agreement if such failure has been caused (directly or indirectly) by circumstances beyond the control of the defaulting party. This shall include war, riot, acts of terrorism, industrial action, accident or equipment failure (except where such accident or equipment failure has been caused by the negligence of the defaulting party, its employees, sub-licensees, subcontractors, agents or otherwise).

Our service

If at any time you would like to discuss with us how our service to you could be improved, or if you are dissatisfied with the service you are receiving, please let us know by contacting our office.

We undertake to look into any complaint carefully and promptly and to do all we can to explain the position to you.

Disputes and mediation

In the unlikely event of a dispute arising out of or relating to this Contract/ Engagement it is mutually agreed that before embarking on litigation proceedings we will attempt to resolve it through negotiations between senior executives of our respective organisations, who have authority to settle the same. If the matter is not resolved through negotiation, we shall endeavour to agree upon the nomination and appointment of an independent Mediator upon receipt of a written notice, by either of us to the other, to concur in such nomination and appointment. Each of us will give due weight to the views of the Mediator and will hope to resolve the dispute as a result thereof but such mediation is not binding and after the mediation each of us can resort to other means of dispute resolution that will be binding and enforceable.

If all attempts to mediation and/or negotiation fail, parties can elect to bring the dispute up to courts.

Viðauki III – Staðfesting á óhæði

Bæjarstjóri Kópavogsbæjar
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Reykjavík, 6. janúar 2025

Staðfesting á óhæði

Vegna eininga tengdum almannahagsmunum skv. 29. gr. laga nr. 94/2019 um endurskoðendur.

Yfirlýsing um óhæði

Við höfum lagt mat á þá þætti sem gætu ógnað óhæði stofunnar gagnvart Kópavogsbæ, m.a. þá þjónustu sem stofan hefur veitt sveitarfélaginu sem ekki telst til endurskoðunartengdrar þjónustu, atburði sem átt hafa sér stað frá því síðast var lagt á mat á óhæði stofunnar eða önnur þau atriði sem fjallað er um í Siðareglum fyrir endurskoðendur á Íslandi. Við höfum sérstaklega lagt mat á hvort varrúðarráðstafanir séu fyrir hendi til að eyða ógnunum eða draga svo úr þeim að þær séu ásættanlegar, komu þær upp.

Við staðfestum hér með að Grant Thornton endurskoðun ehf. og við sjálf erum óháð Kópavogsbæ og félögum sem teljast til B-hluta ársreiknings hans vegna endurskoðunar ársreiknings 2024, bæði í reynd og ásýnd.

Þjónusta sem veitt er auk endurskoðunar

Við höfum ekki veitt sveitarfélaginu eða fyrirtækjum sem teljast til B-hluta neina þá þjónustu sem telst óheimilt að veita auk endurskoðunar í samræmi við lög um endurskoðendur.

Ógnanir við óhæði

Við mat á óhæði höfum við ekki greint neinar hugsanlegar ógnanir við óhæði okkar sem gera þarf grein fyrir.



Sif Jónsdóttir
löggiltur endurskoðandi og eigandi
sif.jonsdottir@is.gt.com



Davíð Arnar Einarsson
löggiltur endurskoðandi og eigandi
david.einarsson@is.gt.com